

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS

3.5.2022

Formannafundur er haldinn kl.18.00 í húsakynnum ÍSÍ, Engjateigi 6 í Reykjavík

Mættir eru frá stjórn ÞRÍ: **Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Margrét Ágústsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Arnór Ásgeirsson og Hákon Jónsson**, starfsmaður ÞRÍ. Jafnframt frá félögunum **Jón Orri Jónsson (Ægir3), Baldur Sæmundsson (3N) og Arnór Ásgeirsson (Fjölur)**. **Heiða Ósk Guðmundsdóttir (3SH) Árni Páll Hansson (Breiðablik)**.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Staðan

Formenn félaga fara yfir stöðuna í hverju félagi fyrir sig. Formenn eru sammála um að þrátt fyrir að talsvert sé um nýskráningar þá eru mætingar á æfingar sveiflukenndar og gætu verið meiri.

2. Keppnisumar 2022

Fram fer umræða um keppnirnar framundan. Brýnt er fyrir formönnum að þrýsta á þátttöku sinna félagsmanna í þeim mótum sem haldin eru hér á landi.

Formenn eru upplýstir um ákvörðun stjórnar um að greiða yfirdómurum undirbúningsgreiðslur og að ÞRÍ greiði fyrir tvo dómara í keppni en dómamar umfram þann fjölda verði greiddir af mótshöldurum.

Fulltrúi Ægis3 leggur fram beiðni um að stjórn endurskoði afstöðu sína til kostnaðarþátttöku í keppni í hálfum járnkarli á Laugavatni.

Málið verður lagt fram á næsta stjórnarfund.

3. Keppnisumar 2023, breytingar

Formenn eru upplýstir um ákvörðun stjórnar um að hætta styrki til tímatöku fyrir næsta keppnistímabil. Fram fer umræða um tímatökubúnað og hvort félögin geti tekið sig saman með aðkomu ÞRÍ til að skoða tæknibreytingar og aðrar leiðir sem eru til tímatöku.

4. Þáttaka í Evrópukeppni í Muenchen

Fram fer umræða um Evrópumót aldurshópa sem fram fer um miðjan ágúst. Formenn eru beðnir um að hvetja álitlega meðlimi félaganna til að taka þátt í keppninni.

5. Unglingaþrjúpraut

Fram fer umræða um unglungaþrjúpraut og félögin hvött til að halda keppni fyrir unglunga með áherslu á tvípraut – sund og hlaup. Fjöldi keppenda hefur verið undir væntingum og því þarf að vinna að því að byggja upp þennan hóp.

6. Önnur mál

Stjórn upplýsir um styrki fyrir þjálfara til aukinnar menntunar á vegum WorldTriathlon sem sambandið hefur fengið frá WT. Óskað er eftir því að félögin rökstyðji val á þeim þjálfurum sem þeir óska eftir að hljóti styrk til að fara á alþjóðlegt þjálfaranámskeið WT. Námskeiðið nýtist best þeim sem hafa mesta reynslu af þjálfun. Námskeiðið verður haldið í haust og verður auglýst á vegum ÞRI.

Rætt er um möguleika þess að halda eina stóra sameiginlega æfingahelgi allra félaga. Vel er tekið í hugmyndina og áréttað mikilvægi þess að halda viðburði sem geti verið sameiginlegir yfir árið.

Fundi slitið kl. 19.20